



Reykjavík, 12. júní 2020  
SFS2019100060  
186. fundur  
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi þjónustutíma félagsmiðstöðva***

Á 172. fundi skóla- og frístundaráðs, 8. október 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Óskað er upplýsinga um þjónustutíma félagsmiðstöðva og hvort hann sé samræmdur milli hverfa borgarinnar.*

**Svar:**

Samkvæmt reglum um þjónustu félagsmiðstöðva sem samþykktar voru 2017 er opnunartími almennra félagsmiðstöðva fyrir 13-16 ára unglunga að lágmarki 12 klst. á viku og að lágmarki skal vera opið tvisvar í viku fyrir 10-12 ára börn. Miðað er við að opið sé í öllum félagsmiðstöðvum að minnsta kosti þrjú kvöld í viku. Fyrir yngri aldurshópinn er klukkustundafjöldi ekki tilgreindur en gera má ráð fyrir að um sé að ræða u.þ.b. 5-6 klst. á viku ef miðað er við að opið sé dagpart í tvö til þrjú skipti í viku. Lokað er í vetrarleyfum, loka má vegna starfsdaga þrisvar á ári en hefðbundinn opnunartími er á frídögum grunnskóla, í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum grunnskóla. Á sumrin eru félagsmiðstöðvar með opið á dagtíma fyrir 10-12 börn en þá er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir þann aldurshóp virka daga en einnig er opið á daginn og kvöldin fyrir 13-16 ára 2-3 í viku. Einnig fer fram hópastarf á dagtíma fyrir 13-16 ára börn í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur. Almennar félagsmiðstöðvar eru lokaðar frá miðjum júlí og fram að skólabyrjun í ágúst.

Opnunartími almennra félagsmiðstöðva var veturinn 2019-2020 að meðaltali rúmlega 15 klst. á viku yfir vetrartímamann fyrir 13-16 ára og þar af eru að lágmarki 7,5 klst. kvöldopnanir að undanskildri félagsmiðstöðvinni Flógyn á Kjalarnesi sem var með opið tvö kvöld í viku í stað þriggja. Opnunartími fyrir 10-12 ára hópinn er að meðaltali rúmlega 8 klst. á viku en gert er ráð fyrir að það sé opið tvisvar sinnum fyrir hvern árgang í viku en það fer eftir fjölda þeirra sem verið er að þjónusta hvort og þá hvernig þessum klukkustundum er skipt niður á hvern árgang og hversu mikið árgangarnir eru að mæta á sama tíma í félagsmiðstöðina. Það má því segja að allar félagsmiðstöðvar nema ein uppfylli þau skilyrði sem sett hafa verið um lágmarksopnunartíma og margar hafa opið talsvert meira en það.

Starfsfólk félagsmiðstöðva sinnir ýmis konar þjónustu við börn og unglunga fyrir utan opnunartíma félagsmiðstöðvanna, s.s. klúbba- og hópastarfi, viðveru á skólatíma og í frímínútum, sinnir vináttuþjálfun, kennir lífsleikni, er með viðtalstíma, fundar með unglunga- og nemendaráði o.fl. Á vorönn 2020 var þarna um að ræða að meðaltali um 13 klst. á viku í hverri félagsmiðstöð til viðbótar við skilgreindan opnunartíma. Ekki hafa verið sett lágmarksviðmið um þessa tegund af þjónustu félagsmiðstöðvanna og því hefur

starfsmannafjöldi, þarfir og aðstæður á hverjum stað haft mikil áhrif á hvernig útfærslan á þessari þjónustu hefur verið útfærð.

Heildarþjónustutími félagsmiðstöðva (opnunartími og önnur þjónusta eða starfsemi) er þannig að meðaltali um 36 klst. á viku en það má segja að þjónustutími félagsmiðstöðva sé allt frá 30 klst. á viku og allt upp í 47 klst. á viku. Það er því ljóst að þjónustutíminn er ekki sá sami í öllum félagsmiðstöðvum en þá ber að hafa í huga að fjármagnsúthlutun tekur mið af fjölda þeirra barna og unglunga sem viðkomandi félagsmiðstöð veitir þjónustu sem veitir „stærri“ félagsmiðstöðvum meira svigrúm til þjónustu en þeim sem teljast „minni“, sjá nánar: [https://innri.reykjavik.is/system/files/2020-02/felagsmidstodvar\\_20.2.2020.pdf](https://innri.reykjavik.is/system/files/2020-02/felagsmidstodvar_20.2.2020.pdf). Aðgangur að húsnæði og samnýting á húsnæði spilar einnig stórt hlutverk varðandi opnunartíma og takmarkar í sumum tilvikum svigrúm til opnana, sérstaklega á dagtíma þar sem húsnæði er samnýtt með grunnskóla og/eða frístundaheimili.